

**Fundargerð 350. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn
14. mars 2018, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist: Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Fjarverandi: Jóhanna Traustadóttir, ritari

Dagskrá

1. **Fundur settur**
2. **Fundargerð síðasta fundar**
3. **Kjarasamningar**
 - Launaskriðstrygging
 - Samstarfsnefnd sveitarfélaga
 - Endurskoðun á stofnanasamningi HSA
 - Endurskoðun á starfslýsingum á LSH
 - Kæra á öryggislistum á LSH
4. **EPN í Færeyjum**
5. **Þar næsti Félagsstjórnarfundur**
6. **Undirbúningur að 27. fulltrúaþingi SLFÍ, 15. maí**
 - Framboðsmál
 - Tilkynning um frambjóðendur
 - Kynnisfundur
 - Útsending frá frambjóðendum
 - Viðtal við frambjóðendur í Sjúkraliðanum
 - Upplýsingar um kosninguna
7. **Námsferð starfsmanna á skrifstofu SLFÍ**
 - Frásögn af ferð
 - Beiðni um styrk
8. **Norðurlandamót í „hjúkrun“**
9. **Auglýsing eftir starfsmanni á skrifstofu SLFÍ**
10. **Ráðstefna um öldrunarmál**

Önnur mál

Dagskrá

1. **Fundur settur**

Kristín Á. Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) Bauð fundarmenn velkomna og tilkynnti að Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ væri í fríi.
2. **Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar er afgreidd og komin á netið.

3. Kjarasamningar

- Launaskriðstrygging [Tölvupóstur](#)

KÁG fór yfir svar Gunnars Björnssonar (GB) á Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins við erindi frá SLFÍ vegna afgreiðslu ráðuneytisins á launaskriðstryggingunni gagnvart félögum innan BSRB. Í erindi SLFÍ kom m.a. fram að afgreiðsla ráðuneytisins leiddi til þess að félög innan BSRB kæmu mjög misjafnlega út innbyrðis vegna launaskriðs sumra félaga innan bandalagsins þrátt fyrir að kjarasamningar hafi verið samskonar. Laun félaga innan bandalagsins hafa þróast misjafnlega á tímabilinu nóv. 2013 – nóv. 2016, sem veldur því að ákveðin félög fara fram úr þeim launahækkunum/skriði sem meiningin var að tryggja gagnvart almenna markaðnum á meðan önnur ná ekki einu sinni því meðaltali sem er innan BSRB vegna þess að öll félög fá 1,3% hækkun. GB í nafni ráðherra hafnar öllum kröfum SLFÍ og vísar í að bera hafi átt saman ákveðna hópa og leiðrétt þá út frá því meðaltalslaunaskriði sem varð á áður nefndu tímabili og hann hafði áður haldið því fram á fundi að mikið vantaði upp á félagslegan þroska meðal ákveðinna félaga innan bandalagsins þannig að eftir tillögu SLFÍ yrði farið.

[Erindi til Gunnars Björnssonar](#)

KÁG fór yfir bókun sem hún lagði fram í stjórn BSRB og fjallaði um það félagslega ofbeldi sem fram fór innan bandalagsins við afgreiðslu útteilingar launaskriðstryggingarinnar til félaga innan bandalagsins og vinnu starfsmanna ráðuneytisins. Málið verður skoðað með lögmonnum félagsins og framhaldið ákveðið.

[Bókun af fundi í stjórn BSRB](#)

Farið var yfir að launaskriðstryggingin fyrir tímabilið nóv. 2016 til nóv. 2017 hefði ekki verið nein hjá ríkinu en verið 1,4% hjá sveitarfélögum og Reykjavíkurborg og mun verða sett á launatöflu.

- Samstarfsnefnd sveitarfélaga

Farið var yfir að könnun meðal stjórnenda stofnana hjá sveitarfélögum sé í vinnslu og fari fljótlega út. Könnunin tekur á stöðu sjúkraliða almennt, vinnutíma, veikindum o.fl.

- Endurskoðun á stofnanasamningi á HSA [stofnanasamningi](#)

KÁG fór yfir að í nokkurn tíma hafi staðið yfir vinna á HSA við að endurskoða stofnanasamninginn. Þessi vinna hefur að mestu leyti farið fram innan stofnunarinnar, en fulltrúar félagsins hafa tekið þátt í umræðunni/vinnunni á seinni stigum. Margt er óunnið og óljóst, en áfram verður unnið að uppfærslu stofnanasamningsins og fljótlega óskað eftir fundi í samstarfsnefnd aðila til að fara betur yfir samninginn og ákveðin atriði hans.

- Endurskoðun starfslýsinga á LSH [Grunnstarfslýsing](#)

Málið rætt og farið yfir helstu atriði og þau rædd og hugmyndir skoðaðar.

[Hæfni og færni viðmið](#)

- Öryggislistar á LSH

Farið var yfir að Gísli Guðna Hall lögmanni hafi verið falið að gera athugasemdir við framlagðan/auglýstan öryggislista frá LSH, sem félagið hafði áður reynt að fá leiðréttan. Svör hafa enn ekki fengist og stefnir í að listinn verði kærður.

4. EPN í Færeyjum

Birna Ólafsdóttir kom á fundinn og fór yfir helstu atriði varðandi ferð stjórnar SLFÍ á EPN ráðstefnuna í Færejum í júní 2018. Fyrir liggur að eitt erindi á ráðstefnunni er á vegum Sjúkraliðafélags Íslands og er það Þór Garðar Þórarinsson sem flytur erindið um velferðartækni.

5. Undirbúningur að 27. fulltrúaþingi SLFÍ

Næsta fulltrúaþing er dagsett 15. maí 2018. Farið var yfir stöðuna varðandi framboðsmál til formanns félagsins, en þrír aðilar buðu sig fram. Kynningarfundur verður fimmtudaginn 15. mars kl. 15.00 í félagsaðstöðu SLFÍ og verður hann sendur út og mun verða til áfram á youtube í einhvern tíma. Elías vann viðtöl við alla frambjóðendur sem gefið verður út og fer með orlofsblaðinu til allra félagsmanna og þar kemur einnig fram hvenær og hvernig verði staðið að kosningunni. Félagið mun einnig dreifa í gegnum pósthöfund félagsins upplýsingum frá frambjóðendum í tvígang fram að kosningu.

6. Námsferð starfsmanna á skrifstofu SLFÍ

Undir þessum lið var BÓ með í umræðunni á fundinum þ.s. gerð var grein fyrir námsferð starfsmanna á skrifstofu félagsins til Englands þ.s. farið var í heimsókn til stærsta stéttarfélags UK (Unison) og rætt við fulltrúa þess um flest öll mál sem tengjast kjörum og kjarabaráttu heilbrigðisstétta í landinu með sérstakri áherslu á sjúkraliða. Ferðin var í alla staði mjög vel heppnuð og fróðleg. Einnig var farið yfir áður fram komna beiðni/ósk starfsmanna um styrk frá félaginu til fararinnar og ákveðið að veita umbeðinn stuðning.

7. Norðurlandamót í hjúkrun

BÓ var einnig á fundinum undir þessum lið þ.s. rætt var um aðkomu fulltrúa frá FÁ og þeirra framkomu/hegðun gagnvart Norðurlandamótinu og þeirra afstöðu gagnvart þátttöku í mótinu. Farið var yfir mögulega/væntanlega þátttöku fulltrúa SLFÍ á mótinu. Sjúkraliðanemarnir sem unnu Íslandsmótið 2017 hafa áhuga á að keppa fyrir hönd Íslands, en nánar á eftir að ganga frá öllu umhaldi og greiðslu kostnaðar. Einnig var rætt um greiðslu kostnaðar vegna leiðbeinanda/þjálfara íslensku keppendanna og ákveðið að styrkja þjálfarann til starfars og BÓ falið að vera í samstarfi við fulltrúa skólans og styðja úr Starfsmenntasjóði.

8. Auglýsing og ráðning starfsmanns á skrifstofu SLFÍ

KÁG gerði grein fyrir að viðtöl við líklega kandiðata í starfið hefðu farið fram í dag, en eftir eigi að fara betur yfir umsækjendur og jafnvel hitta einhverja þeirra aftur og í framhaldi velja þann sem talinn verður hæfastur.

9. Ráðstefna um öldrunarmál

KÁG fór yfir að flest allt væri klárt fyrir ráðstefnuna, metnaðarfull dagskrá liggur fyrir sem fer fram 26. apríl 2018 á Hótel Reykjavík Natura og er Ögmundur Jónason ráðstefnustjóri.

Önnur mál

- BÓ fór yfir væntanlegan menntadag BSRB þ.s. farið verður yfir áherslur í menntamálum félaga innan bandalagsins. Rætt var um þátttöku SLFÍ í þessum viðburði.

- Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður 4. apríl.

Fundi slitið kl. 18.15